



Er hundurinn þinn greindur?

Foreldragreining hvolpa með erfðagreiningu

Foreldragreiningar á hundum

Matís býður hundaeigendum/kaupendum upp á foreldragreiningar á hundum til að staðfesta ætterni hundanna og tryggja þannig að ættartala þeirra sé rétt.

Matís býður einnig upp á erfðafraeðiráðgjöf sem getur hjálpað hundaræktendum að finna hentuga einstaklinga til þörunar með tilliti til erfðafraeðilegs skyldleika.

Erfðafraeðisvið Matís

Erfðafraeðisvið Matís vinnur að erfðagreiningum dýra í ýmsum tilgangi, m.a. til að hraða markvissum kynbótum í dýrum, bæði í fiskeldi og búfénaði. Fyrirtækið hefur mikla reynslu og þekkingu á þessu sviði og tækjakost sem gerir kleift að vinna þúsundir sýna á stuttum tíma. Foreldragreiningar hafa t.d. verið gerðar á íslenska hestinum um árabil, m.a. til þess að ganga úr skugga um að ættartala sé rétt og einnig til þess að nota í ræktunarstarfi. Niðurstöðurnar hafa verið settar inn í WorldFeng upprunaættbók íslenska hestsins.

Foreldragreiningarnar byggja á erfðaupplýsingum um DNA basaröð gena sem erfast frá foreldrum til afkvæma. Erfðagreining á hundum er gerð með erfðamarkasetti sem inniheldur 19 mismunandi erfðamörk (gen). Hvert erfðamark gefur tvær arfgerðir og fá afkvæmi aðra arfgerðina frá móður og hina frá föður. Því þarf alltaf að greina báða foreldrana til að hægt sé að staðfesta faðerni.

Sýnataka – stroksýni

Til að framkvæma foreldragreiningu fá hundaeigendur sendan sýnatökubúnað og leiðbeiningar. Stroksýni er tekið innan úr kinn hundsins. Að lokinni sýnatöku er sýnum skilað inn til úrvinnslu hjá Matís sem síðan sendir skriflegt svar úr foreldragreiningunni.

Staðfesting faðernis

Hundaeigendur/ræktendur hafa notað erfðagreiningarnar til að staðfesta faðerni hvolpa og einnig til að finna föður þar sem tveir eða fleiri hundar hafa komið til greina og hafa í 25% þeirra tilvika reynst vera tveir feður í sama goti.

Kaupendur geta nýtt sér erfðagreiningarþjónustuna til að staðfesta uppruna hundsins.

Erfðafræðiráðgjöf – Ný þjónusta

Matis býður upp á erfðafræðiráðgjöf sem getur hjálpað hundaræktendum að finna hentuga einstaklinga til þörunar með tilliti til erfðafræðilegs skyldleika og notar til þess sérstakt þörunarforrit „MateMeRight“.

Foreldragreining

- Stroksýni úr munni
- Mögulegir foreldrar og afkvæmi
- 19 erfðamörk
- Ætterni

Ræktun

- Stroksýni úr munni
- Einstaklingar til þörunar
- 19 erfðamörk
- Tillaga að hentugum einstaklingum til þörunar

Myndræn framsetning á foreldragreiningu



